

23.fundur miðstjórnar 29.apríl 2013

Mættir: Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens Heiðar Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson Ómar Baldursson, Grétar Guðmundsson, Kristín Benediktsdóttir, Guðrún S. Bergþórsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Sighvatur D Sighvatz, Finnur Víkingsson, Hafliði Sívertsen, Einar Kristinsson, Andri Jóhannsson, Eyjólfur Ólafsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Bára Halldórsdóttir, Jakob Tryggvason.

Forföll boðuðu: Helgi Jónsson og Georg Georgsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Sambandsstjórnarfundur

Sambandsstjórnarfundur verður á Akureyri dagana 3.-4.maí næstkomandi. Farið var yfir dagskrá sem var send út til fundarmanna (sjá meðfylgjandi skjal).

Kristján fór yfir einstaka liði m.a. um val á fulltrúum í stjórn Stafa. Umræður spunnust um kynjahlutfallsreglu sem við stöndum frammi fyrir og bent var á þær hömlur sem koma upp þegar skipt er um fulltrúa hjá hvorum aðila annaðhvert ár. RSÍ hefur núna 21 fulltrúa á ársfund Stafa en þeim hefur fækkað um 2 á nokkrum árum. Stilla þarf upp okkar fulltrúum í vikunni. Guðmundur Gunnarsson og Jakob Tryggvason munu gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Andri Jóhannesson vill losna úr varamannasætinu og því þarf að finna mann í hans stað. Bent var á að varamenn fá litlar sem engar upplýsingar eða aðkomu að rekstri sjóðsins og því þyrfti að breyta til. Kristján leggur til að framkvæmdastjórn verði falið að tilnefna varamann og sendir þá tillögu á miðstjórn fyrir sambandsstjórnarfundinn. Það var samþykkt.

Kristján sagði frá breytingum sem verða á miðstjórn, Georg Georgsson er hættur sem formaður Rafiðnaðarfélags Suðurnesja og nýr formaður RFS er Haraldur Ambjörnsson. Kristín Þóra hættir sem varaformaður FÍS og hennar sæti tekur Eva Kristín Benjamínsdóttir, Birna Dögg verður varamaður FÍS í miðstjórn. Þessar breytingar verða teknar fyrir á sambandsstjórnarfundum.

Dagskrá sambandsstjórnarfundarins var samþykkt og Kristján sendir hana út.

Varðandi styrktar og sjúkrasjóð.

Samþykkt var að leggja tillögu fyrir sambandsstjórn að félagsmenn sem sannanlega hafa unnið á Norðurlöndunum og hafa greitt félagsgjöld í sjóði rafiðnaðarmanna þar, njóta til fulls fyrri réttinda hjá RSÍ við heimkomu hefjist greiðslur iðgjalda innan 3ja mánaða frá síðustu greiðslu í norræna félagið. Nákvæmur texti verður unninn fyrir fundinn.

Endurskoða þarf rétt atvinnulausra sem fullnýtt hafa rétt sinn til atvinnuleysisbóta og eru komnir á framfærslu sveitafélaga, gagnvart sjúkra- og styrktarsjóðnum. Atvinnulausir geta í dag greitt af bótunum til sambandsins og notið réttar. Spurt var hvort atvinnulausir sem eru komnir á framfærslu sveitafélaga geti greitt til sambandsins? Kristján mun koma með tillögu að texta sem tryggir að atvinnuleitendur njóti réttar hjá okkur í sjúkra- og styrktarsjóð.

Tryggja þarf að greinin verði þannig að auðvelt verði að skilja hana og ekki halli á sambandið eða félagsmanninn. Kristján sendir greinina á miðstjórnarmenn til umsagnar. Jens fór lauslega yfir reikningana, samstæðuna og síðan hvern sjóð fyrir sig. Umræður spunnust um skuldir orlofssjóðs við aðra sjóði. Orlofskerfið er dýrt og stendur ekki undir sér. Bent var á að félagsmenn nota bústaðina mikið. Kristján leggur til að gjaldkeri og orlofsnefnd komi saman og reynt verði að setja upp 10-15 ára áætlun til að vinna að uppgreiðslu skuldanna.

3. Orlofsmál

a. Verðskrá tjaldsvæðis

Gjaldskrá á tjaldstæðið Skógarnesi var lögð fram og samþykkt að halda henni óbreyttri á milli ára.

b. Brunavarnir (neyðaráætlun)

Rætt var um brunavarnir á Skógarnesi.

Slökkvilið er ca. 15 mínútur á leiðinni að Skógarnesi en bent var á að ef sinueldur kæmi upp í roki þá væri hver mínúta dýrmæt. Það tekur álíka tíma að koma dælubúnaði á traktor og það er ekki eins manns verk. Þjálfar þyrfti upp mannskap og halda æfingar reglulega. Slíkur dælubúnaður gæti þó nýst til að vökva golfvöllinn en jafnframt er hætta á að fljótlega yrði hann að staðalbúnaði þar.

Önnur lausn væri að kaupa „klöppur“ sem hægt væri að staðsetja í hverjum bústað og 3 - 4 í húsi umsjónarmanns og var hún samþykkt. Kristján sér um að klöppur verði keyptar og leiðbeiningum um notkun verði komið fyrir á svæðinu.

4. Kvennaráðstefna, Nordisk forum

Marianna Traustadóttir hjá ASÍ óskar eftir því að RSÍ tilnefni fulltrúa í undirbúningshóp sem fjölskyldu og jafnréttisnefnd mun stýra. Ráðstefnan verður haldin í Malmö í júní 2014.

Skorað er á stóru félögin að tilnefna hvert sína konu. Nöfnunum þarf að koma til Kristjáns. FÍS hefur tilnefnt Birnu Dögg.

5. Nordic Video

Halldór hjá Nordic Video hafði samband við Kristján en hann er að gera youtube myndbönd um stéttarfélög. Hann hefur gert myndbönd fyrir ýmis félög hér heima og á norðurlöndunum. Hvert myndband er um 2 mín. Lagt var til að vísa málinu til kynningarnefndar og jafnframt er henni veitt heimild til að taka ákvörðun um málið.

6. Önnur mál

1. maí – skyldumæting! Flögg og fánar verða á staðnum. Kaffi verður á Stórhöfða 27 fyrir fyrir göngumenn.

Fundi slitið kl. 16:05

Fundargerð ritar Bára Halldórsdóttir